



Lína langsokkur sterkust í öllum heiminum – Astrid Lindgren í heimi skólans

Gunnar E. Finnbogason

► Abstract ► Um höfundinn ► About the author ► Heimildir

Meginmarkmið þessarar greinar er að benda á leiðir fyrir kennara og aðra uppalendur sem vilja bæta lesskilning barna og ungmenna með því að ræða um það sem lesið er. Bókin og upplifun af lestri er einn lykillinn að tungumálinu og tungumálið er ein mikilvægasta forsenda náms. Fullorðnir, og þar á meðal kennarar, geta aðstoðað barnið við að læra og þroska tungumálið með því m.a. að tala við það, lesa fyrir það, hlusta þegar það les sjálf og ræða um það sem lesið er. Allt þetta getur aukið lesskilning. Markmið bókmenntalesturs með nemendum er að fá þá til að velta fyrir sér þeim tilfinningum sem textinn kallar fram, finna tengingar sem textinn býður upp á og ræða viðbrögðin sem textinn vekur. Með samtali við fullorðið fólk og önnur börn öðlast barnið þekkingu á ýmsu, svo sem: sjálfu sér, nánasta umhverfi, náttúru og öðrum manneskjum. Í samtalinu læra þau að beita tungumálinu og deila upplifunum og þannig öðlast þau reynslu sem er forsenda þess að skapa félagsleg tengsl og þróa samkennd og vináttu. Þessir færniþættir eru mjög í anda grunnþátta íslenskra námskráa, eins og læsis, lýðræðis, mannréttinda og jafnréttis. Hér er einnig fjallað um þær uppeldis- og menntahugmyndir sem hafa haft áhrif á sögur Astrid Lindgren um Línu. Í greininni verða tekin dæmi, aðallega samtöl, úr bókum Astridar Lindgren um Línu langsokk, til að sýna hvernig vinna má með textana til að kveikja umræður meðal barna og unglunga. Í sögunum eru margar áhugaverðar kringumstæður þar sem tilvistarlegar og siðferðilegar spurningar vakna í samskiptum barna og í samskiptum þeirra við heim hinna fullorðnu. Val á texta til að vinna með réðst m.a. af því að Lína langsokkur hefur skemmt börnum í gegnum tíðina og mörg þeirra hafa samsamað sig þessari óstýrilátu persónu.

Efnisorð: Lína langsokkur, bóklestur, samræður, samskipti.

Inngangur

Astrid Lindgren (1907–2002) er þekkt um allan heim fyrir barnabækur sínar. Í nær 75 ár hafa bækur hennar örvað ímyndunarafli lesenda og glatt og skemmt jafnt börnum sem fullorðnum. Margar af bókum hennar hafa verið þýddar á fjölda tungumála og verið kvikmyndaðar. Gera má þó ráð fyrir því að nú á dögum hafi börn frekar kynnst Línu langsokk af teiknimyndum, sjónvarpi, myndabókum og leikritum en af lestri bóka. Áhugi á Astrid Lindgren jókst á ný við útkomu nýrrar ævisögu sem Jens Andersen (2014) tók saman undir heitinu *Denne dag, et liv* og kom út árið 2014 (hér verður stuðst við sænska útgáfu bókarinnar). Þá voru framliddir sjónvarpsþættir um ævi hennar sem sænska sjónvarpið lét gera og voru þeir sýndir um jólin 2014 í sænska sjónvarpinu. Þessir þættir vöktu mikla athygli, voru sýndir hér á landi og víða um heim og gáfu góða innsýn í ævi og störf skáldkonunnar. Í heimabæ Astridar í Vimmerby og í

Junibacken í Stokkhólmi er hægt að kynna betur manneskjunnar Astrid Lindgren og ferðast um í söguheimi hennar. Frá árinu 2005 eru öll handrit hennar varðveitt í Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi og eru nú á heimsminjaskrá UNESCO (Ehriander og Hellström, 2015). Astrid Lindgren fékk margvíslegar viðurkenningar í gegnum tíðina en hlaut aldrei náð fyrir augum sænsku akademíunnar í bókmenntum (Ehriander og Hellström, 2015).

Hægt er að vinna með texta Astridar Lindgren á marga vegu. Það er ekki bara mikilvægt að lesa textann heldur ekki síður að ræða um hann. Með bókmenntasamtali er hægt að fá víðari sýn á textann því að þannig er hægt að fá fram sjónarhorn annarra og sjá eitthvað nýtt sem getur auðgað lesturinn og dýpkað skilning og upplifun (Säljö, 1996; Hougaard, 2003).

Þessi grein er hugsuð fyrir kennara og aðra uppeldendur sem vilja auka lesskilning barna og ungmenna með því að ræða um það sem lesið er og kveikja um leið löngun með þeim til að lesa meira sér til fróðleiks og ánægju. Megintilgangurinn er að benda á leiðir til að vinna með texta og skapa umræður um viðfangsefnið til að auka lesskilning. Í Hvítbók Illuga Gunnarssonar, fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra, er lögð áhersla á nauðsyn þess að bæta lesskilning og fækka þeim sem „ekki geta lesið sér til skilnings“. Til að árétta þetta segir: „Litið er svo á að lesskilningur sé forsenda þess að nemendur geti náð hæfni til að fóta sig í samfélaginu“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 14). Það er ekki nægjanlegt að geta lesið ef lesturinn fer ekki saman við lesskilning. Mikilvægt er að þetta fari saman, bæði í lestraruppeldi á heimilum og í skólastarfi. Til að auka lesskilning er mikilvægt að tengja þá vinnu við þætti eins og gagnrýna hugsun, sjálfstæði, hugrekki og innri styrk, og þar má hafa Línu sem fyrirmynd. Þetta eru allt þættir sem aðalnámskrá leggur áherslu á að unnið sé með í skólastarfi.

Áherslur á læsi, lesskilning og samræður tengjast vel grunnþáttunum læsi og lýðræði og mannréttindum í aðalnámskrá (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennurhluti 2011: greinasvið 2013/2013). Við lestur bókmennta má ræða við börn og ungmenni um ýmis efni eins og vináttu, einelti, samskipti, kurteisi, framkomu o.fl., eins og ýmis dæmi í sögunni um Línu gefa tilefni til

Höfundur þessarar greinar er ekki bókmenntafræðingur og nálgast því viðfangsefnið aðallega út frá tilvistarlegum, siðferðilegum og uppeldis- og kennslufræðilegum forsendum. Í greininni verða tekin dæmi, aðallega samtöl, úr bókum Astridar Lindgren um Línu langsokk til að benda á hvernig vinna má með þau til að kveikja umræður meðal barna og unglinga. Í textanum eru margar áhugaverðar aðstæður þar sem tilvistarlegar og siðferðilegar spurningar vakna í samskiptum barna og í samskiptum þeirra við hina fullorðnu. Hægt er að fjalla um þessar aðstæður í vinnu með börnum og fá þau til að ræða saman um þær og tengja þær við eigin reynslu. Einnig verður hér reynt að skoða texta Astridar um Línu langsokk í ljósi hugmynda hennar um menntun og uppeldi sem hafa haft áhrif á persónusköpun hennar og lýsingar á samskiptum barna sín á milli og við þann heim sem hinir fullorðnu hafa skapað þeim.

Sögur Astridar Lindgren um Línu langsokk hafa lengi skemmt börnum og þau eru ófá sem hafa samsamað sig þessari óstýrilátu persónu. Valið á textanum ræðst þó fyrst og fremst af því að höfundur hefur áður unnið með texta um Línu langsokk sem endurspeglar ákveða sýn á börn og samskipti barna við heim hinna fullorðnu (sjá nánar Gunnar E. Finnbogason, 2008).

Bækurnar um Línu langsokk verða til

Bækurnar um Línu langsokk eru skrifaðar í lok síðari heimsstyrjaldar, eða á árunum 1945–1948. Upphaflega skrifaði Astrid Lindgren söguna um Línu langsokk fyrir dóttur sína sem lá á sjúkrahúsi með lungnabólgu (Andersen, 2014). Bækurnar um Línu langsokk eru þrjár og kom sú fyrsta út árið 1945 undir heitinu *Lína langsokkur* (Pippi Långstrump). Bók númer tvö kom út árið 1946 undir heitinu *Lína langsokkur ættlar til sjós* (Pippi Långstrump går ombord). Þriðja og síðasta bókin kom út árið 1948 og bar hún heitið *Lína langsokkur í Suðurhöfum* (Pippi Långstrump i Söderhavet).

Astrid Lindgren var 27 ára gömul þegar hún sendi árið 1944 bókaforlaginu Bonniers fyrsta handritið að bókinni um Línu langsökk. Hún lýsir Línu í bréfi til forlagsins á eftirfarandi hátt:

Lína langsökkur er, eins og þið munuð komast að ef þið ómakið ykkur við að lesa handritið, lítil ofurmanneskja (Übermensch) holdgerð í líki barns sem flytur í venjulegar aðstæður. Sakir yfirnáttúrulegra krafta hennar og annarra eiginleika er hún algjörlega óháð hinum fullorðnu og lifir lífinu til fulls eins og hún sjálf kys. Í samskiptum við stórar manneskjur hefur hún alltaf síðasta orðið. Eins og lesa má hjá Bertrand Russell er það eðlishvöt hjá börnum að leitast við að verða fullorðin eða réttara sagt komast til valda ... (Gaare og Sjaastad, 2002, bls. 92). (mín þýðing)

Það er ljóst af þessum orðum að Astrid hefur lesið heimspekirit og vísanir í hugtökin *ofurmanneskja* (sótt til Nietzsche og *vilji til valda* sótt til B. Russell og Wittgenstein) eru til vitnis um það. Að vísu hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að hún hafi verið sérstakur áhangandi Nietzsches þó hún nýti sér ýmis hugtök og hugmyndir frá honum í skrifum sínum.

Forlagið Bonnier hafnaði handritinu og benda Gaare og Sjaastad (2002) á að það hafi á sama tíma hafnað útgáfu á bók Nietzsches Svo mælti *Zarahústra*. Árið 2007 var frumhandrit Astridar Lindgren um Línu langsökk, sem Bonnier hafnaði, gefið út í sérstakri bók (Lindgren, 2007a).

Í ævisögu Astridar Lindgren, sem Margareta Strömstedt (1999) skráði, segir hún að sálgreining Sigmunds Freud (1856–1937) hafi haft mikil áhrif á skrif skáldkonunnar, einkum áherslur hans á mikilvægi þroska barnsins fyrstu árin. Freud taldi að þroskaferill barnsins, einkum hvað varðar tilfinningar og persónuleika, réðist mjög af því hvernig umhverfið, t.a.m. fjölskyldan, kæmi til móts við þarfir þess á fyrstu þroskastigum bernskunnar. Einnig nefnir Strömstedt sálfræðikenningar austurríska sálgreinisins, sérstaklega hugmyndir hans um það hvernig hið félagslega umhverfi barnsins hafi áhrif á athafnir þess (Burman, 2014). Báðar þessar sálfræðikenningar leggja mikla áherslu á mikilvægi þroska barnsins fyrstu árin og áhrif uppvaxtarins á líf þess síðar meir á ævinni. Andersen (2014) bendir á það í ævisögu sinni að Astrid hafi verið undir áhrifum frá róttækum hugmyndum Ellenar Key (1849–1926) um uppeldi og kvenréttindi. Árið 1900 sendi Key frá sér bókina *Öld barnsins* (Barnets århundrade) sem hún er þekktust fyrir. Bókin vakti mikla athygli og var þýdd og gefin út í mörgum löndum. Helstu áherslur hennar í bókinni voru á réttindamál barna. Hún hélt því m.a. fram að kosningaréttur kvenna héldist í hendur við réttindamál barna. Einnig lagði hún áherslu á að börn ættu rétt á heilbrigðum uppeldisskilyrðum og vernd á sál og líkama. Sjónarmið Ellenar Key höfðu mikil áhrif alla 20. öldina á viðhorf til barna og sýn á bernskuna og það birtist m.a. í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Astrid var, sem kunnugt er, mjög umhugað um réttindi barna og kemur það víða fram í sögunum um Línu.

Ef skilja má hugtakið ofurmanneskja sem nýja manneskju sem ekki er þjökuð af gömlum fordómum og þræslund má túlka hegðun og veru Línu í því ljósi. Það sama á við um Emil í Kattholti (ef til vill er Emil Key, faðir Ellenar Key, lykill að nafninu – eða/og Emile Rousseaus). Sterkur vilji Emils kemur strax fram á fyrstu síðum fyrstu bókarinnar og má segja að skrif Astridar Lindgren hafi mikið snúist um átök milli viljasterkra einstaklinga (Gaare og Sjaastad, 2002).

Einnig er talið að Astrid Lindgren hafi sótt hugmyndir til Rousseaus, og þá sérstaklega í bók hans um Emile. Þar leggur Rousseau áherslu á að bernskan hafi gildi í sjálfu sér enda hefur bókin um Emile oft verið kölluð *fagnaðarerindi bernskunnar*. Rousseau lagði áherslu á frjálslýnda hugsun og þar með að uppeldi skyldi grundvallast á sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins. Í kaflanum *Lína lendir í skipbroti* (Lindgren, 2014, bls. 196) segir Tommi við Línu að hann eigi bók um skipbrot og að hún heiti Róbinson Krúsó, en það var einmitt fyrsta bókin sem Rousseau vildi að Emile læsi. Astrid Lindgren sækir sér óspart hugmyndir af lestri bóka. Hún las mikið en ekki eingöngu fagurbókmenntir heldur einnig bækur um uppeldi og heimspeki. Kjarninn í skrifum hennar var alltaf sá að taka afstöðu með börnum (Bergman, 2011).

Við lestur á bókunum um Línu langsökk kemur skýrt fram að Astrid Lindgren vildi stuðla að réttlátara samfélagi. Í lifanda lífi studdi hún alla þá sem börðust fyrir slíku og steig fram gegn öllu ofbeldi (Lindgren, 2013). Hún vildi standa vörð um lýðræðið og umgangast alla af sömu virðingu, burtséð frá félagslegri og efnahagslegri stöðu. Öryggi, frelsi og fjölbreyttir leikir var nokkuð sem hún taldi að öll börn þyrftu á að halda. Hún hélt því fram að það væri skylda hvernar manneskju að virða aðra og sýna öðrum umhyggju, ekki síst börnum (Strömstedt, 1999). Astrid Lindgren (1958) undirstrikar í grein um uppeldi barna að umgangast eigi börn eins og fullorðnir umgangast hver annan og að veita eigi börnum kærleika, meiri kærleika og ennþá meiri kærleika. Hér kemur fram sterk húmanísk afstaða (Widuss, 2011). Ef til vill má segja að kærleikur, umhyggja og skilningur hafi verið einkunnarorð hennar (Lindgren, 2007b). Með skrifum sínum tekst henni á næman hátt að skilgreina innri heim mannsins og lífið í sorg og gleði, lífi og dauða og þess vegna hefur hún verið elskuð bæði sem rithöfundur og ekki síður sem manneskja.

Að lesa til aukins skilnings

Börn læra tungumálið með aðstoð umhverfisins. Fullorðnir aðstoða börnin við að læra og þroska tungumálið með því m.a. að tala við barnið, lesa fyrir það og hlusta þegar það les sjálft og ræða um það sem lesið er. Virk samskipti við aðra eru ein meginforsenda málþroska. Bókin og upplifun af lestri er einn lykillinn að tungumálinu (Bergman, 2011) og tungumálið er mikilvæg forsenda náms. Það hjálpar til við að koma skipulagi á reynslu og þekkingu og koma þannig reglu á umhverfið. Tungumál Línu endurspeglar persónuleika hennar og þar liggur einnig styrkur hennar. Með tungumálinu tekst hún á við óréttlæti og kúgun en einnig notar hún tungumálið til að gera grín og skemmta lesendum.

Magnus Person (2012) ræðir um mikilvægi lesturs út frá kennslufræðilegum áherslum og telur að helstu rök fyrir bóklestri í skólasterfi grundvallist á þremur lykilhugtökum, sem eru lýðræði, ímyndunarafl og skapandi lestur. Með skapandi lestri er ýtt undir skapandi hugsun og samræður til að víkka út sjónvildarhringinn. Með ímyndunarafli á hann við hæfileikann til að uppgötva margvísleg sjónarhorn, skynja hvernig annað fólk hugsar og finnur til og fá þannig hugmyndir um hvernig aðrir lifa og lífsskilyrði þeirra. Þetta rímar vel við áherslur í skólasterfi þar sem skólinn á að miðla þekkingu og leggja áherslu á lýðræðislega starfshætti. Eitt markmið bókmenntalesturs ætti því að vera að skapa gagnrýna samfélagsborgara en þetta sjónarmið má einmitt finna hjá Astrid Lindgren (1956) þegar hún talar um að börn geti með ímyndunaraflinu séð fyrir sér heim morgundagsins. Hún heldur áfram og segist vilja með skrifum sínum kveikja lestrarlöngun og opna heim töfra sem skapi sérstaka gleði hjá börnum. Síðan segir hún: „Bækur þurfa á ímyndunarafli barna að halda, það er satt. En það er ennþá meiri sannleikur fólgin í því að ímyndunarafl barna þarfnist bóka til þess að þau geti vaxið og dafnað“ (bls. 107) (mín þýðing).

Astrid Lindgren (1958) svaraði spurningunni um það hvers vegna börn þurfi á bókum að halda. Þar segir hún m.a. að í hvert skipti sem barn lesi skapi það kraftaverk. Það gefi orðum og flóknum fyrirbærum líf og finni merkingu í fyrirbærum á sinn eigin hátt. Það skapi þannig eigin söguheim, og þannig nærast ímyndunaraflið, sem er nauðsynlegt fyrir alla. Bergöö og Jönsson (2012) benda á að með bóklestri megi einnig auka meðvitund barna um eigin aðstæður og ekki síður annarra barna. Svipuð viðhorf má greina í Aðalnámskrá grunnskóla: Almennum hluta: greinasvið 2013/2013, umfjöllun um lestur, en þar segir m.a.:

Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmiss konar bókmennta. Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólanum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa (bls. 99).

Með öðrum orðum má með lestri bóka finna fyrirmyndir, styrkja sjálfsmyndina og auka skilning á mikilvægi umburðarlyndis gagnvart öðrum.

Chambers (2001) telur að við lestur með börnum sé mikilvægt að forðast að þau svari spurningum kennarans eins og þau haldi að kennarinn vilji að þau svari. Það eigi aldrei að spyrja beinna spurninga, heldur fá þess í stað nemendur sjálfa til að ígrunda á eigin forsendum. Hver er þá tilgangur bókmenntasamtals? Það er að fá nemendur til að velta fyrir sér þeim tilfinningum sem textinn kallar fram, finna tengingar sem textinn gefur og ræða þau viðbrögð sem textinn vekur.

Einnig er tilvalið að vinna með ákveðin þemu sem vekja áhuga nemenda og ganga út frá forsendum þeirra (Pramling og Sheridan, 1999). Það skiptir miklu máli að þemavinnan kalli fram gleði og að viðfangsefnið ýti undir forvitni og sköpunargleði. Þó að viðfangsefnið sé sveigjanlegt skiptir máli að hafa ákveðið markmið að leiðarljósi með vinnunni sem ýtir undir þekkingaröflun og frekari ígrundun. Börnin læra einnig að leika sér og þróa félagslega færni með því að rannsaka, skapa og ígrunda. Hlutverk kennarans er að leiðbeina, ögra og hvetja nemendur til frekara náms (Pramling og Sheridan, 1999).

Í samtali við fullorðið fólk og önnur börn öðlast börn þekkingu á mörgu: sjálfum sér, nánasta umhverfi, náttúru og öðrum manneskjum. Í samtalinu læra þau að beita tungumálinu og deila upplifunum, og þannig öðlast þau reynslu sem er forsenda þess að skapa félagsleg tengsl og þróa vináttu (Gjems, 2011). Við lærum að þekkja umheiminn og okkur sjálf með ígrundun og samtali við annað fólk. Barnið tileinkar sér tungumálið og aðra þekkingu í samskiptum við foreldra og aðra fullorðna í nærumhverfinu. Vygotsky (1981) hélt því fram að þekking yfirfærðist milli einstaklinga í félagslegum samskiptum og að þeir gerðu síðan þá þekkingu að sinni. Með öðrum orðum; einstaklingurinn lærir af óformlegu samspili við aðrar manneskjur í nærumhverfinu. Rannsóknir Rogoff (2003) hafa leitt í ljós að börn sækjast eftir reynslu og vilja gjarnan fá aðstoð einhvers fullorðins í nánasta umhverfi til að vinna með hana. Þegar barn tekur þátt í samræðum, bæði í skólanum og heima fyrir, tileinkar það sér menninguna í samskiptum við aðrar manneskjur. Þess vegna eru samræður svo mikilvægar í þroskaferli barna (Gjems, 2011).

Bókin örvar ímyndunaraflíð og kveikir löngun til að lesa meira og síðan að ígrunda það sem lesið er. Þegar barn spyr spurninga sem leita á það við lesturinn og reynir að svara þeim spurningum er það eitt skrefið í átt að því ná tökum á tungumálinu. Heimurinn opnast við lestur bókmennta sem fjalla um daglegt líf, bæði í smáu og stóru (Bergman, 2011).

Hver er Lína langsokkur?

Lína kemur eins og frelsari inn í litla bæjarsamfélagið. Hún er „barnið“ sem er óuppalið en um leið ofurmanneskja. Í samfélaginu er reynt að hafa stjórn á henni og ala hana upp. Í fyrstu bókinni er Línu lýst á eftirfarandi hátt:

Hárið á henni var eins og gulrót á litinn og það var fléttað í tvær stinnar fléttur sem stóðu beint út í loftið. Nefið á henni var eins og pínulítill kartafla ... Hún var leggjálöng og mjófætt og var í brúnum sokk á öðrum fæti en svörtum sokk á hinum. Og hún var í svörtum skóm sem voru helmingi lengri en fæturnir á henni (Lindgren, 2014, bls. 10–11).

Pabbi hennar hafði keypt skóna í Suður–Ameríku. Lína í stórum skóm með stórt hjarta ögrar öllum þeim sem ganga í of litlum skóm. Hún er furðuvera sem klæðir sig undarlega og börn kunna afar vel að meta þennan klæðnað.

Í litla samfélaginu ræður ekki heilbrigð skynsemi heldur „snus“-skynsemi (Gaare og Sjaastad, 2002). „Snus“-skynsemi er það þegar maður lærir eingöngu af því að sýna sinn ytri mann. „Snus“-skynsemi er án ímyndunarafls, upplifunar og ástríðu (passion) eða með öðrum orðum skynsemi án reynslu. Þess vegna sýnir litla barnið, sem ekki kynnist öðru, „snus“-skynsemi. Hið sama gerir hinn fullorðni sem glatað hefur tengslum sínum við hið barnslega. Hinn fullorðni, sem þjáist af „snus“-skynsemi, getur heldur ekki leikið sér (Lindgren, 2014, bls. 183–184). Fullorðnir nota oft

skynsemina til að fá börn til að hlýða. Börn sjá ekki hlutina eins og hinir fullorðnu og hafa því, „snus“-skynsemi þ.e.a.s. skynsemi án reynslu. Þau eru að þroskast og sjá oft ekki tengslin milli orsaka og afleiðinga (Gaare og Sjaastad, 2002).

Fáar sögupersónur eru eins kunnar og Lína. Það þekkja hana allir og allir sjá hana strax fyrir sér. Hún á þannig auðvelt með að vekja sterk viðbrögð. Hún sýnir sjálf oft sterk viðbrögð, er mild gagnvart þeim sem eiga undir högg að sækja, en sýnir litla virðingu öllum þeim sem misbeita valdi og það beinist sérstaklega að skólanum og menningarlífinu (Widuss, 2011).

Hinn hversdagslegi heimur getur ekki samþykkt framkomu og sjálfstæðan vilja Línu. Heimur hennar er hafinn yfir hinn hversdagslega heim og þar er rými fyrir leik, frelsi og ímyndunarafl. Lína treystir fólki og dregur oft fram það besta í öðrum, eins og sýnir sig þegar hún býður flökkurunum upp í dans og gefur þeim síðan að borða (Lindgren, 2014, bls. 74–79).

Sterkust allra

Lýsingar á kröftum Línu eru eins og rauður þráður í gegnum sögurnar um hana. Lífsafstaða hennar kemur skýrt fram þegar hún beitir kröftunum; ef maður er sterkur þá á maður að nota kraftana til að vinna gegn óréttlæti. Srtax á fyrstu síðum fyrstu bókarinnar (Lindgren, 1945/2014), þegar hún er kynnt til sögunnar, kemur skýrt fram hversu sterk hún er, en þar segir:

Lína var alveg makalaus krakki. Og það makalaus við hana var hvað hún var sterk. Hún var svo hræðilega sterk að það var ekki til jafn sterkur lögregluþjónn í öllum heiminum. Hún gat lyft heilum hesti ef hún kærði sig um (Lindgren, 2014. bls. 8).

Styrkur Línu birtist ekki eingöngu í hinu líkamlega heldur einnig í tungumálinu sem hún beitir. Astrid Lindgren skapar með hjálp tungumálsins sterka og sjálfstæða stelpu sem þorir að ögra hinum fullorðnu, en það var mjög óvanalegt að börn á þessum tíma (1945) mótmæltu fullorðnu fólki, enda andstætt tíðarandanum (Barajas, 2015). Barajas (2015, bls. 91) kannaði sérstaklega umfjöllun um krafta Línu í öllum bókunum þremur og greindi þar þrjá flokka. Fyrst er að nefna tilvik þar sem Lína berst gegn óréttlæti, síðan þegar hún skemmtir vinum sínum og lesendum og loks þegar hún tengir sig við pabba sinn, sem er vissulega sterkasti maður í heimi en ekki eins sterkur og dóttirin.

Lína er hjálpsöm þótt hún sé sterk. Hún hjálpar vinum sínum, Tomma og Önnu, í ýmsum aðstæðum, en hún hjálpar einnig krökkum sem hún þekkir ekki. Í fyrstu bókinni, *Lína langsokkur*, hlaupa fimm strákar á eftir Villa og ætla að lumbrá á honum. Lína tekur til sinna ráða en Benni, forsprakki strákanna, hæðist að Línu. Hún bregst við:

„Mér finnst þú ekki koma kurteislega fram við kvenfólk,“ sagði Lína. Að svo mæltu hóf hún hann hátt á loft með sínum sterku örmum, bar hann yfir að næsta tré og lagði hann þar þversum yfir greinina. Síðan tók hún næsta strák og fleygði honum upp á aðra grein, þeim þarna næsta skákaði hún upp á hliðstólpa við eitt húsið ... (Lindgren, 2014, bls. 23).

Þegar Lína hefur þannig gengið frá öllum strákunum segir hún: „Þið eruð skræfur! Ráðist fimm saman á einn strák. Það er heigulsháttur. Og byrjið svo að hrinda lítilli varnarlausri stelpu. „Svei! Það er ljótt!“ (Lindgren, 2014, bls. 23). Lína bregst þarna við einelti. Hún notar krafta sína til að verja aðra og berst þannig gegn óréttlæti. Um leið er hún sjálf miskunnarlaus gagnvart þeim sem lögðu Villa í einelti. Það er spurning hvort réttlætlanlegt sé að leggja þann í einelti sem leggur aðra í einelti. Þetta er áhugavert umræðuefni með nemendum.

Það er ekki eingöngu fólk sem Lína kemur til hjálpar. Í bókinni *Lína langsokkur ætlar til sjós fer* Lína í skólaferðalag með Önnu og Tomma. Lína bregst reið við aðförum Rósenkrans þegar hann lemur hestinn sinn með svipu.

Það var eins og elding þyti gegnum krakkahópinn. Þetta var Lína. Nefbroddurinn á henni var náhvítur. ... Hún rigsaði beint til Rósinkrans, þreif utan um hann og kastaði honum hátt upp í loft. Og þegar hann kom niður greip hún hann og kastaði honum upp aftur. Fjórum sinnum, fimm sinnum, sex sinnum þaut hann upp í loft. Rósenkrans vissi ekki sitt rjúkandi ráð ... Lína, stóð fyrir framan hann með hendur á mjöðmum, „þú lemur hestinn ekki oftar,“ sagði hún skipandi (Lindgren, 2014, bls. 146–147).

Kennslukonan var hreykin af Línu og hrósaði henni. Eftir öll ósköpin varð henni að orði: „Maður á að vera góður við dýrin. Já, og auðvitað við fólk líka“ (Lindgren, 2014, bls. 146). Þessi afstaða kennslukonunnar er algjörlega samhljóða lífsviðhorfi Línu. Hún beitir einnig kröftum sínum þegar hún þarf að verja sjálfa sig. Kraftar hennar eru forsenda þess að hún geti búið ein. Annars hefði lögreglan og barnaverndaryfirvöld tekið hana í sína vörslu og þjófarnir stolið öllum peningunum hennar. Með styrk sínum getur hún staðið gegn öllu yfirvaldi. Lögreglan er send til að sækja Línu og fá hana til að sækja skólann en Lína er alls ekki á því. Lögregluþjónarnir reyna að handsama hana því að: „... hún skyldi ekki halda að hún gæti bara gert það sem henni sýndist“ (Lindgren, 2014, bls. 29). Þeir segja Línu að hún verði að ganga í skóla, en hún spyr þá hví það sé nauðsynlegt. Þeir svara því til að þar læri hún allt mögulegt nýtsamlegt, eins og margföldunartöfluna. Lína kaupir ekki þessi rök og svarar að hún hafi spjarað sig ágætlega hingað til án margföldunartöflunnar. Lögregluþjónarnir láta sér ekki segjast og elta hana uppi en þá:

... greip hún heljartaki í leðurbeltin á báðum lögregluþjónunum og bar þá niður garðstíginn, gengnum hliðið og út á götuna. Þar skákaði hún þeim niður og það leið löng stund þangað til þeir megnuðu að hreyfa sig (Lindgren, 2014, bls. 33).

Þetta er gott dæmi um það hvernig Línu tekst að verjast yfirvaldinu.

Átök Línu við sterka karla

Þau Lína, Tommi og Anna fara í sirkus. Sirkusstjórinn vill fá einhverja áhorfendur til að kljást við Adolf sterka og fá að launum hundrað krónur ef þeir sigra hann. Lína sýnir áhuga á því að takast á við Adolf en Önnu lýst ekki á blikuna og segir við Línu að hann sé sterkasti maður í heimi. Lína svarar: „En ég er sterkasta stelpa í heimi ...“ (Lindgren, 2014, bls. 68). Síðan leggur Lína Adolf sterka að velli og sigrar þar með sterkasta mann í heimi. Í ævisögu Astridar Lindgren bendir Andersen (2014) á að það sé ekki tilviljun að heljarmennið heiti Adolf því að Astrid hafi hér haft Adolf Hitler í huga; sagan um Línu langsokk er skrifuð í lok síðari heimstyrjaldar.

Dó að börn geti ekki fellt heljarmenni í veruleikanum geta þau margt sem kemur hinum fullorðnu á óvart. Mikilvægt er að hafa trú á sjálfum sér og áráðni til að takast á við ögrandi verkefni. Lína skorar hér á hölm þá sýn sirkusstjórans að konur og litlar stelpur geti ekki verið sterkari en vöðvafjöll. Konur, sem rísa upp gegn hefðbundnum hugmyndum þurfa að standa uppi í hárinu á yfirvaldinu sem reynir að viðhalda þeirri skoðun að konur séu ekki eins sterkar og karlmenn.

Keppnin um það hvort sé sterkara, Lína eða Adolf sterki, á sér hliðstæðu í keppni hennar við föður sinn. Í fyrstu bókinni um Línu er hún einsömul. Í sænsku samfélagi, á fimmta áratug síðustu aldar, var það mjög sjaldgæft að einstæður faðir æli upp barn (Barajas, 2015). Það er ekki fyrr en í bókinni Lína ætlar til sjós sem Eiríkur faðir hennar kemur til sögunnar. Eitt af því fyrsta sem hann segir við dóttur sína er: „Ertu jafn sterk og þú varst, stelpa mín?“ (Lindgren, 2014, bls. 187).

Einn þráður í umfjöllun um krafta Línu er hvernig hún ber krafta sína saman við krafta föður síns. Þetta er lýsing á náttúrulegum valdaátökum, þar sem barnið ber sig saman við foreldra sína og verður með vaxandi þroska sjálfstætt (Barajas, 2015). Lýsingin á samskiptum Línu og Eiríks gefur góð mynd af því hvernig hvetjandi, sterkur faðir getur alið upp, ekki bara sterka, heldur sterkari og sjálfstæða dóttur.

Ofurmanneskja

Þegar Línu er lýst sem ofurmanneskju er ekki bara verið að tala um líkamlega burði, þó að líkamlegur ofurkraftur sé eitt af helstu einkennum Línu. Hún er ekki ofurmanneskja í líkingu við Superman (þó að Superman hafi verið þýðingin á *Übermensch* á ensku), heldur er hún ofurmanneskja á öðrum sviðum, þ.e.a.s. í viðbrögðum sínum og athöfnum (Tholander, 2001).

Michael Tholander (2001) bendir á að það að vera ofurmenni í anda Nietzsches snúist ekki um að apa upp eftir öðrum heldur sé hugmyndin um ofurmennið aðeins „hugsuð sem verkfæri til frelsunar. Setji í raun ekki fram neitt innihald – það verði menn að búa sér til sjálfir. Boðskapurinn er: vertu sá sem þú ert og allt sem þú getur orðið, og reyndu ekki að stela frá öðrum“ (bls. 25). Með öðrum orðum: „Ofurmennishugtakið snýst ekki um það að maður verði að standast allar þær kröfur sem samfélagið setur manni, og það snýst heldur ekki um afköst. Það snýst um afstöðu til lífsins og þess sem verður á vegi manns.“ (bls. 18).

Sem ofurmanneskja lætur Lína ekki aðra skilgreina sig; hún hefur sterkari sjálfsvitund en svo. Hún sýnir t.d. mikla einurð og sjálfsvirðingu í bókinni *Lína langsokkur ætlar til sjós* þegar hún gengur fram hjá snyrtivöruversluninni sem auglýsir:

„ÞJÁIST ÞÉR AF FREKNUM?“

„Hvað stendur á spjaldinu?“ spurði Lína. ...

„Það stendur: Þjáist þér af freknum?“ sagði Anna.

„Nújá, einmitt það,“ sagði Lína hugsandi. „Jæja, við kurteislegri spurningu á að gefa kurteislegt svar. Við skulum koma inn!“

Hún opnaði dyrnar og gekk inn og Tommi og Anna á eftir henni. Roskin kona stóð innan við búðarborðið. Lína gekk rակleitt til hennar.

„Nei,“ sagði hún fastmælt.

„Hvað vilt þú,“ spurði konan.

„Nei,“ sagði Lína aftur.

„Ég skil ekki hvað þú átt við,“ sagði konan.

„Nei, ég þjáist ekki af freknum,“ sagði Lína.

Loks áttaði konan sig. En svo leit hún á Línu og þá varð henni að orði:

„Já, en andlitið á þér er alþakið freknum, blessað barn!“

„Hárrétt,“ sagði Lína. „En ég þjáist ekki af þeim. Ég kann vel við þær! Sælar!“ Hún strunsaði síðan út aftur en snéri sér við í dyrunum og kallaði:

„Ef þér skylduð fá einhvern áburð sem maður fær *ennþá* meiri freknur af þá megið þér senda mér sjö, átta krukkur“ (Lindgren, 2014, bls. 121–122).

Margir halda upp á þessa frásögn um freknurnar. Hún sýnir styrk Línu og að hún er óhrædd, óháð og óhefðbundin og lætur ekki viðhorf hinna fullorðnu hafa áhrif á sig. Lína bregst við með hómor. Hún leikur sér með orð, snýr við rótgrónum gildum og er um leið mjög ánægð með útlit sitt. Mörg börn hafa eitthvað út á útlit sitt að setja. Þess vegna er það eins og smyrsl á sjálfsmyndina að upplifa að hægt sé að segja nei við athugasemdum annarra og taka afstöðu með sjálfum sér og segja já. Með öðrum orðum, það er hægt að berjast gegn því valdi sem tungumálið felur í sér.

Þau viðbrögð sem Lína sýnir í alls konar aðstæðum krefjast ímyndunarafls, sjálfsvitundar og kjarks til að þora að mótmæla. Þó að Lína sé ekki alltaf góð fyrirmynd þá er hún góð fyrirmynd fyrir börn hvað varðar áráðni og kjark, kjark til að nýta sér tungumálið gegn valdinu. *Viljinn til valda* er lykillinn að framgangi Línu að mati Astridar sjálfrar, samanber bréfið sem hún sendi bókaforlaginu Bonniers og áður er getið.

Í mörgum viðtölum við Astrid kemur skýrt fram að í hennar huga sé Lína hin „góða“ valdamanneskja sem hefur vald án þess að misbeita því (Strömstedt, 1999). Einnig hefur verið bent á að finna megi hugmyndum Rousseaus stað í gagnrýnu viðhorfi Línu til skólans og hugmyndum hennar um sjálfsnám.

Lína heimsækir skólann

Í bókinni *Lína langsokkur í Suðurhöfum* (Lindgren, 2014) lýsir Astrid Lindgren því þegar Lína heimsækir Tomma og Önnu í skólann. Þennan sama dag er von á fröken Rósu. Hún kemur reglulega í skólann og vegur og metur börnin til að sjá hvort þau séu vannærð. Þau börn sem þannig er ástatt um fá hádegismat hjá fröken Rósu. Þegar hún mætir í skólann kemur hún færandi hendi og hefur meðferðis sælgæti og fatnað sem hún útbýtir til fátækra barna. Gjafmildinni eru þó takmörk sett því það eru bara góð og dugleg börn sem fá gjafir.

Þegar Línu ber að garði eru börnin þegar komin út á skólalóð þar sem fröken Rósa situr við bord og fyrir framan hana er peningakassi, sælgætispokar og fatastaflar. Til aðstoðar hefur hún tvo skrifara sem skrá allar upplýsingar um börnin og til að fá gjafir þurfa þau að svara spurningum. Þegar börnin eru komin út á skólalóðina skipar fröken Rósa þeim að fara í raðir. Síðan hefst yfirheyrslan. Þau börn sem svara spurningunum rétt og hegða sér vel fá að vera áfram í sinni röð. Þau sem standast ekki kröfurnar sem gerðar eru eiga að fara afsíðis í sérstaka röð og skammast sín. Það er við þessar aðstæður sem Lína ryðst fram fyrir hin börnin, skálmur beint til fröken Rósu og segir:

„Fyrirgefið, en ég var ekki komin þegar þetta byrjaði,“ sagði hún. „Í hvaða röð eiga þeir að vera sem hafa farið á mis við fjórtán systkini, þar af þrettán litla óþekktarorma?“

Svipur fröken Rósu lýsti mikilli vanþóknun.

„Stattu þar sem þú ert til að byrja með“, sagði hún. „En ég býst við að þú verðir fljótlega látin fara í röðina til þeirra sem eiga að standa afsíðis og skammast sín.“

Og síðan skráðu skrifararnir niður nafn Línu og svo var hún vigtuð til að vita hvort hún þyrfti á súpu að halda. En hún var tveimur kílóum of þung til þess (Lindgren, 2014, bls. 241).

Skyndilega kemur Lína inn í þennan heim skólans og kemur óreiðu á hlutina. Viðbrögð hennar slá fröken Rósu út af laginu og hún byrjar þegar að yfirheyra hana:

„Jæja, stúlka mín,“ sagði hún loks. „Viltu segja mér hvernig þú stafar orðið sjóveikur?“
„Alveg sjálfsagt,“ svaraði Lína. „S-j-o-v-k-u-r.“

Fröken Rósa rak upp napran hlátur.

„Einmitt það já,“ sagði hún. Í stafsetningarorðabókinni er það stafað allt öðruvísi.

„Þvílík heppni að þú skyldir einmitt fara að athuga hvernig ég stafa það,“ sagði Lína.
„S-j-o-v-k-u-r, svona hef ég alltaf stafað það og mér hefur orðið reglulega gott af því.“

„Skráð það,“ sagði fröken Rósa við skrifarana og herpti hörkulega saman varirnar.

„Já, gerið þið það,“ sagði Lína. „Skráð þið niður þessa frábæru stafsetningu og sjáið um að þessu orði verði breytt í stafsetningarorðabókinni undir eins“ (Lindgren, 2014, bls. 241–242).

Það er enga náð eða miskunn að finna hjá fröken Rósu; annaðhvort stafar maður rétt eða ekki. Mælikvarðanir eru skýrir. Lína stendur ekki undir kröfum fröken Rósu og henni er því vísað í hóp barnanna sem eru úti í horni og eiga að skammast sín. Lína finnur til með þeim sem settir eru til hliðar. Börnin eru hrædd við fröken Rósu vegna þess að þau vita að þau verða að standa sig vel í spurningakeppninni til að fara ekki tómhent heim. Á meðan fröken Rósa heldur áfram yfirheyrslum sínum skipuleggur Lína sína eigin spurningakeppni meðal barnanna í sínum hópi: „Skiptið ykkur í tvær raðir,“ sagði Lína. „Allir sem vita að Karl XII. er dáinn fara í fyrri röðina og þeir sem hafa ekki frétt það enn þá fara í hina röðina.“

En af því að allir krakkarnir vissu að Karl XII. var dáinn varð röðin ekki nema ein.

„Þetta er ómögulegt,“ sagði Lína. „Það verða að vera að minnsta kosti tvær raðir, annars er ekkert að marka. Spyrjið bara fröken Rósu hvort það sé ekki rétt“ (bls. 245).

Það getur verið erfitt fyrir börnin að átta sig á því hvaða flokkun hinir fullorðnu vilja beita og hvers vegna. Hjá fröken Rósu verður allt að fara rétt fram samkvæmt mælikvörðum hennar. Lína ákveður strax sína eigin flokkunaraðferð og skiptir hópnum í tvær raðir (sjá nánar Gunnar E. Finnbogason, 2008). Eftir að Lína hafði skipt hópnum upp í raðir sneri hún sér að litlum grannleitum strák í blárrí skyrtnu og spurði hann:

„Heyrðu,“ sagði hún. „Geturðu talið upp einhverja sem eru dánir?“

Strákurinn varð hálfhvumsa en sagði svo:

„Sigga gamla Péturs á númer 57.“

„Sjáðu til,“ sagði Lína. „Veistu um einhverja fleiri?“

Nei, það vissi strákurinn ekki. Þá myndaði Lína lúður með höndunum og hvíslaði hátt:

„Karl XII. auðvitað!“

Síðan spurði Lína hvern krakkann á fætur öðrum skýrt og skilmerkilega hvort hann vissi um einhvern sem væri dáinn og þeir svöruðu allir sem einn:

„Sigga gamla Péturs á númer 57 og Karl XII.“ (Lindgren, 2014, bls. 246).

Þar sem Línu fannst að krakkarnir hefðu staðið sig vel fengu þau öll verðlaun, peninga og stóran brjóstsykurspoka. Börnin voru þakklát fyrir gjafirnar.

Að meta og flokka börn

Lars H. Gustafsson (2003) hefur skoðað sérstaklega kaflann um heimsókn Línu í skóla Önnu og Tomma í bókinni *Lína langsokkur í Suðurhöfum*. Þar bendir hann á hvernig höfundurinn ræðst á gagnrýninn og háðskan hátt á „gódgerðasamfélagið“ og kröfur skólans um að börn lagi sig að því hegðunarmynstri sem hinir fullorðnu hafa mótað. Einnig bendir Gustafsson á hvernig Astrid Lindgren gerir góðlátlegt grín að skipulags- og flokkunaráráttu hinna fullorðnu með því að láta Línu mótmæla flokkunarkerfi skólans og hinni félagslegu aðgreiningu.

Astrid Lindgren og Ellen Key eiga það sameiginlegt að gagnrýna ítrodsluskólann. Með ítrodsluskóla er átt við stofnun sem ætlast til að nemendur taki við fræðslunni frá kennaranum án þess að fá svigrúm til athafna og frumkvæðis. Ellen Key var gagnrýnin á hefðbundið uppeldi og uppeldisstofnanir og var mjög undir áhrifum frá Rousseau, sérstaklega hugmyndum hans um „náttúrulegt uppeldi“ og „náttúrulega refsingu“ barna. Ola Stafseng (2004) bendir síðar á að lykilhugtök í skrifum Ellenar Key um börn og uppeldi séu vald, misbeiting valds og réttindi barna. Þessi gagnrýni Key á uppeldi og uppeldisstofnanir var mjög í anda umbótastefnunnar (reformpedagogik) í menntamálum sem var ríkjandi viðhorf við upphaf 20. aldar. Þessi stefna

einkenndist af því að menn lögðu áherslu á aukid sjálfræði og frelsi barnsins og möguleika þess til athafna á eigin forsendum (Myhre, 2001).

Línu er eiginlegt að hugsa sjálfstætt og þess vegna bregst hún oft harkalega við þegar henni er sagt fyrir verkum. Hún er óhrædd og óháð og bregst við forræðistilburðum hinna fullorðnu á óvæntan hátt, leikur sér með tungumálið og grípur til háðs í samskiptum við þá. Með orðum sínum og athöfnum afhjúpar Lína heim þeirra og afstöðu þeirra til barna (Gustafsson, 2003). Þrátt fyrir þó að Lína sé ekki alltaf til fyrirmyndar þá hafa börn í gegnum tíðina hrifist af hugrekki hennar í samskiptum við hina fullorðnu. Að hafa hugrekki til að segja nei, andmæla og snúa hlutunum við eru þættir sem mörg börn hafa dáðst að í fari Línu. Sem dæmi má taka tilsvör Línu þegar kennslukonan leggur fyrir bekkinn spurningu um tennur hests:

„Hvers vegna hefur hesturinn samvaxna jaxla“ spyr hún alvörugefin.

„Já, en ertu viss um að hann hafi það,“ sagði Lína íhugandi. „Annars geturðu bara spurt hann sjálfan. Hann stendur þarna,“ hélt hún áfram og benti á hestinn sinn sem hún hafði bundið við tré. Hún hló glettnislega“ (Lindgren, 2014, bls. 242–244).

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim áhrifum sem gerðir hinna fullorðnu hafa á börn. Vitneskja um þessi áhrif er forsenda þess að hægt sé að byggja upp barnvænt samfélag. Skólinn var þá, eins og nú, stofnun þar sem hinir fullorðnu höfðu búið til kerfi til að flokka börn, grundvallað á hegðun þeirra, árangri í námi og mælingum. Í bókunum um Línu er víða að finna gagnrýni á skólann og afstöðu hans til barna. Lína langsokkur kynnir með hegðun sinni og viðbrögðum aðra sýn á skólann og samskipti barna og fullorðinna. Astrid gagnrýnir „gamla“ skólann sem einkenndist m.a. af kúgun, skyldum og þvingunum. Hún er talsmaður barna og uppeldishugmyndir hennar draga dóm af hugmyndum upplýsingarinnar og umbótastefnunnar í menntamálum.

Fargmöldun

Gagnrýnin afstaða Línu til skólans á sér djúpar rætur í evrópskri uppeldisheimspeki. Á árunum 1930–40 voru gagnrýnisráddir á ítrodsluskólann háværar. Þessar rótæku umbótahugmyndir má m.a. rekja til Sommerhill-skólans og stofnanda hans, A.S. Neill, og til Alve Myrdal. Ellen Key gagnrýndi einnig hinn hefðbundna skóla, þ.e.a.s. ítrodsluskólann (Myhre, 2001).

Gagnrýni hinnar frjálsum uppeldisfræði á „gamla“ skólann beindist að þekkingarmiðlun hans sem talin var of sértæk (abstrakt) og úr öllum tengslum við reynslu barnsins og það líf sem fólk lifir. Eitt af því sem Lína notar til að sýna hversu sértækur (abstrakt) og veruleikafirrtur skólinn er er orðið *fargmöldun*. Í bókinni *Lína langsokkur í Sudurlhöfum* spyr Mómó Línu hvað fargmöldun sé. Hann skilur ekki almennilega hvað það er og vill fá nánari skýringu. Tommi ætlar að útskýra það fyrir honum en Lína verður fyrri til.

„Jú, sjáðu til,“ sagði hún. „Það er svona: $7 \times 7 = 102$. Finnst þér það ekki sniðugt?“

„Það eru ekki 102,“ sagði Anna.

„Nei, 7×7 eru 49,“ sagði Tommi. „Gáðu að því að nú erum við á Kattarattaey,“ sagði Lína. „Hér er loftslagið allt öðruvísi og miklu frjósamara en heima svo að 7×7 verður miklu meira hérna...“ „Ha,“ sögðu Tommi og Anna (Lindgren, 2014, bls. 268).

Orðið fargmöldun er annað og meira en bara margföldun. Lína notar orðið yfir dauða þekkingu, þurrar tölur og nám án markmiða. Gegn þessu vill hún stefna lífsgleði og ánægjulegu nám í gegnum leik. Ellen Key orðaði þessa sömu hugsun þegar hún sagði að láta ætti lífið og hamingjuna ríkja í skólanum í stað skipulags og stundatöflu (Key, 1900/1996). Í hamingjuskólanum (Lindgren, 2014, bls. 140–141) lærir Lína af eigin frumkvæði og mistökum sínum alveg eins og Rousseau áleit Róbínson Krúsó gera í kennslustofu náttúrunnar.

Lína spyr stöðugt spurninga

Lína er stöðugt á ferðinni í litla bæjarfélaginu þar sem hún býr umkringd öðrum börnum. Hún ögrar og hrellir og snýr við hlutum sem taldir eru sjálfsgðir. Hún stendur á höndum og spyr um leið heimspekilegra spurninga.

Börn spyrja stöðugt „hvers vegna“ og velta fyrir sér því sem hinir fullorðnu eru að segja. Hinn fullorðni heimspekingur verður að viðhalda barninu í sér og horfa á heiminn með augum barnanna, þora að vera forvitinn og spyrja stöðugt spurninga eins og sex ára barn gerir: Hver er ég? Hvað er raunverulegt? Hvers vegna þarf ég stöðugt að borða þennan ógeðslega graut? Tekur alheimurinn aldrei enda? Hvers vegna þurfum við að deyja? Hver er það sem tekur allar ákvarðarnir? Hvers vegna eru það bara sumir sem ákveða hlutina og aðrir aldrei? Hver hefur fundið upp öll orðin? Hvers vegna heitir sykurinn stráskykur ef ekki má strá honum á gólfid? Það er forvitnin sem drífur barnið áfram og heimspekingurinn deyr ef búið er að svara öllum spurningum.

Lína þorir að spyrja. Hún er gagnrýnin og vill að aðrir séu það einnig. Lína vill að manneskjur hugsi sjálfstætt og samþykki ekki umhugsunarlaust það sem aðrir segja. Í skólasamhengi er Lína gagnrýnin á það sem ekki hefur neina merkingu. Hún er t.d. gagnrýnin á svokallaða „spurnar-svar“-aðferð (yfirheyrslu) sem var algeng í skólastarfi áður fyrr (Myhre, 2001). Aðferðin felst í því að kennarinn spyr nemendur spurninga sem eru ekkert sérlega frumlegar og hann veit þegar svarið við. Út frá sjónarhorni kennarans er þetta aðferð til að kanna þekkingu nemenda og til að fá kennsluna til að ganga upp. Línu finnst það heimskulegt að spyrja spurninga þegar spyrjandinn veit þegar svarið. Í skólastarfi nú á dögum er meiri áhersla lögð á að nemendur spyrji sjálfir spurninga og leiti að svörum á sínum eigin forsendum (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: greinasvið 2013/2013).

Lokaorð

Í greininni er unnið með nokkur dæmi úr samtölum Línu langsokks, bæði við börn og fullorðna. Hugmyndin er sú að hægt sé nýta þessi dæmi til samræðna um leið og bækurnar eru lesnar. Valin hafa verið nokkur dæmi en mörgu áhugaverðu er sleppt. Astrid Lindgren hefur skapað sögupersónu, stúlku sem er bæði líkamlega og andlega sterk. Hún getur lyft heilum hesti og getur búið foreldralaus og ein á Sjónarhóli. Umfram allt birtist styrkur hennar í því hvernig hún beitir tungumálinu þegar einhver ætlar að gera lítið úr henni. Þannig er hún t.d. fljót að svara fyrir sig ef einhver hæðist að háralit hennar eða klæðaburði.

Lína sækir ekki skóla og er hið frjálsa barn sem mótmælir stjórnunartilburðum hinna fullorðnu. Hún ögrar samfélagsgerðinni og þeim hefðum og normum sem hinir fullorðnu hafa skapað. Orðaleikir hennar brjóta niður yfirburði hinna fullorðnu. Umræða um það sem Lína segir og gerir getur orðið kveikja og brú yfir í það sem nemendur sjálfir upplifa í skólanum og á heimilum sínum. Þórdís Þórðardóttir (2012) hefur sem dæmi skoðað í rannsókn sinni hvernig staðalmyndir kynjanna birtast í samræðum um Línu langsokk, sem er mjög áhugavert.

Í vinnu með sögurnar af Línu langsokk er mikilvægt að láta nemendur sjálfa ræða um sína eigin reynslu og hvernig þau upplifa það sem Lína er að gera og hvernig hún notar tungumálið. Það víkkar sjóndeildarhringinn að heyra aðra segja frá og um leið verða nemendur meðvitadri um sitt eigið tungumál. Það er einnig mikilvægt að fá að heyra sjónarmið þeirra sem hugsa öðruvísi og efast jafnvel um það sem er lesið. Þannig geta skapast áhugaverð og ólík viðfangsefni til að vinna frekar með. Þessir færniþættir tengjast vel grunnpáttum menntunar og þá sérstaklega læsi, lýðræði- og mannréttindum, jafnrétti og sköpun.

Pippi Longstocking, strongest in the world – Astrid Lindgren in the world of the school

The main objective of this article is to point out ways for teachers, and other educators, who want to increase the reading of children and young people by discussing what is read. The book and the experience of reading is the key to language and language is an important prerequisite for learning. Adults, including teachers, can assist the child in learning and developing the language by, for example, talking to the child, reading to it and listen as it reads and discuss what is read. The goal of literary reading is to get students to consider the feelings that the text triggers, find the connections in the text and discuss the thoughts that the text brings. In conversations with adults and other children, they gain knowledge of many aspects, such as: themselves, their immediate environment, nature and other people. Through the conversation they learn how to apply the language, to share and gain experiences as a prerequisite for creating social relationships and developing friendships. The article includes examples, mainly conversations, from Astrid Lindgren's books about Pippi Longstocking, to show how working with the text triggers discussions among children and adolescents. There are many interesting circumstances in the text, where existential and ethical questions are raised in interactions between children and in communication with the adult world. The selection to work with this text was made because Pippi Longstocking has been entertaining children through the years, and many have identified with this unruly character.

The books about Pippi Longstocking are written at the end of World War II or from 1945-1948. Initially, Astrid Lindgren wrote the story about Pippi for her daughter when she was in the hospital with pneumonia. In her letter to the publisher Bonniers, which accompanied the manuscript of the book Pippi Longstocking, she describes her. Pippi is like a small superhuman (Übermensch), in the shape of a child, who is transported into normal circumstances. Because of her supernatural powers and other circumstances, she is completely independent of the adult and lives her life exactly as she chooses. The publisher Bonniers rejected the script, and Astrid had to look for another publisher. Astrid Lindgren applied ideas in her writings from her own experiences in literature and from reading books. She read a lot of books, not only literature, but also books about education and philosophy. Reading the books about Pippi Longstocking clearly indicates that Astrid Lindgren wanted a just society. In all her life, she supported everyone who fought for a righteous society and fought against all forms of violence. She wanted to safeguard democracy and treat everyone with the same respect, regardless of social and economic status. She felt that it was the duty of every person to respect and to care for others. Here is a certain humanism. This attitude towards life is clearly stated in Astrid Lindgren's writing about Pippi Longstocking, especially in her relationship with children. The description of Pippi's strengths is a constant theme throughout the stories about her. Her strength is like glue that keeps the stories together. Her attitude to life becomes clear when she applies her powers. If you are strong you should be good and use the powers to fight injustice.

Pippi's strength does not only manifest itself physically but also in the language that she uses. Astrid Lindgren creates a strong and independent girl who dares to challenge the adults, with the help of language. For Pippi, it is natural to think independently, and therefore she often reacts harshly when she is put in a fixed mould. She is unafraid and independent and responds unexpectedly to the comments of the adults. She plays with the language and engages mockery in relationships with adults. Through their words and actions, Pippi unveils the world of adults and their attitude towards children. Although Pippi is not always exemplary, children have traditionally been impressed with her courage in communicating with adults.

Keywords: Pippi Longstocking, reading books, discussion, human relations

Um höfundinn

Gunnar E. Finnbogason (gef@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk M.S.-prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskólanum í Uppsölum í Svíþjóð árið 1984 og doktorsprófi frá sama skóla árið 1994. Rannsóknir hans hafa aðallega tengst menntapólitik/menntastefnum, hugmyndafræði menntunar, námskráfræðum, gildum/miðlun gilda, réttindum barna og Barnasáttmálanum.

About the author

Gunnar E. Finnbogason (gef@hi.is) is a professor at the School of Education, University of Iceland. He completed his M.Sc. degree in pedagogy and educational studies from the University of Uppsala in 1984 and a Ph.D. degree from the same school in 1994. His research has primarily been in the field of educational politics/educational policies, the ideology of education, curriculum studies, values/sharing of values, children's rights and the UN Convention on the Rights of the Child.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: greinasvið 2013/2013.
- Andersen, J. (2014). *Denna dagen, ett liv*. (Urban Andersson þýddi). Stockholm: Norstedts.
- Barajas, K. E. (2015). Var Pippis pappa kanadensare? Styrkan som ledmotiv i Astrid Lindgrens Långstrumptrilogi. Í H. Ehriander og M. Hellström, (ritstjórar), *Nya läsningar av Astrid Lindgrens författarskap* (bls. 90–102). Stockholm: Liber AB.
- Bergman, T. (2011). Astrid Lindgren och språkglädjen. Ur-Pippis halsbrytande språk eller bara lite fräckt? Í H. Ehriander og M. Hellström, (ritstjórar), *Starkast i världen!. Att arbeta med Astrid Lindgrens författarskap i skolan* (bls. 138–151). Lund: BTJ Förlag.
- Bergöö, K. og Jönsson, K. (2012). *Glädjen i att förstå: Språk- och textarbete med barn*. Lund: Studentlitteratur.
- Brusling, C. og Strömqvist, G. (ritstjórar). (1996). *Reflektion och praktik i läraryrket*. Lund: Studentlitteratur.
- Burman, A. (2014). *Pedagogikens idéhistoria. Uppfostringsidéer och bildningsideal under 2500 år*. Lund: Studentlitteratur.
- Chambers, A. (2001). *Böcker inom oss. Om boksamtal*. Stockholm: Rabén & Sjögren.
- Ehriander, H. og Hellström, M. (ritstjórar). (2015). *Nya läsningar av Astrid Lindgrens författarskap*. Stockholm: Liber AB.
- Ehriander, H. og Nilson, M. (ritstjórar). (2011). *Starkast i världen!: Att arbeta med Astrid Lindgrens författarskap i skolan*. Lund: BTJ förlag.
- Gaare, J. og Sjaastad, Ö. (2002). *Pippi och Sokrates. Filosofiska vandringar i Astrid Lindgrens värld*. Stockholm: Natur och Kultur.
- Gjems, L. (2011). *Barn samtalar sig till kunskap*. Lund: Studentlitteratur.
- Gunnar E. Finnbogason. (2008). Barn á þroskabraut. Uppeldis- og menntunarhugmyndir í ljósi Astrid Lindgren og Barnasáttmálans. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólalastarfi* (bls. 99–111). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Gustafsson, L. H. (2003). Vems värdegrund gæller i skolan? Ett barnperspektiv på några etiska problem. *Locus*, 3, 4–15.
- Hougaard, B. (2003). *Praktisk vägledning i kommunikation*. Stockholm: Liber.
- Key, E. (1996). *Barnets århundrade*. Stockholm: Informationsfiber.ka (frumationsfiber..)
- Lindgren, A. (1956). Om läshunger. *Vi husmödrar*, 2, 4–5.
- Lindgren, A. (1958). *Därför behöver barnen böcker*. Skolbiblioteket, 3, 106–107.
- Lindgren, A. (2007a). *Ur-Pippi originalmanus*. Stockholm: Rabén & Sjögren.
- Lindgren, A. (2007b). *Det gränslösaste äventyret*. Stockholm: Erikson & Lindgren.

- Lindgren, A. (2013). *Aldrig völd!* (2. útgáfa). Stockholm: Salikon Förlag.
- Lindgren, A. (2014). *Lína langsokkur. Allar sögurnar* (3. útgáfa) (Sigrún Árnadóttir þýddi). Reykjavík: Mál og menning.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntamálum*. Reykjavík: Mennta- og Menningarmálaráðuneytið.
- Myhre, R. (2001). *Stefnur og straumar í uppeldissögu* (Bjarni Bjarnason þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnum Kennaraháskóla Íslands.
- Person, M. (2012). Läsning i skola - och läsning i den högre skolan. *Statens offentliga utredningar*, 2012(10), 167–177.
- Pramlig, I. S. og Sheridan, S. (1999). *Lärandets grogrund*. Lund: Studentlitteratur.
- Rogoff, B. (2003). *The cultural nature of human development*. New York: Oxford University Press.
- Stafseng, O. (2014). Ellen Key: Sveriges kvinnelige svar på Durkheim og Dewey. Í K. Steinhol og L. Lövlie (ritstjórar), *Pedagogikkens idéhistorie fra antikken til det postmoderne* (bls. 350–363). Oslo: Universitetsforlaget.
- Strömstedt, M. (1999). *Astrid Lindgren. En levnadsteckning*. Stockholm: Rabén & Sjögren.
- Säljö, R. (1996). Samtal som kunnskapsform. Í C. Brusling og G. Strömqvist (ritstjórar), *Reflektion och praktik i läraryrket* (bls. 125–142). Lund: Studentlitteratur.
- Tholander, M. (2001). Lína langsokkur sem ofurmenni Nietzsches (Hallgrímur Helgi Helgason þýddi). *Tímarit máls og menningar*, 62(3), 17–25.
- Vygotsky, L. (1981). *Thought and language* (15. útgáfa). Cambridge: MA: MIT Press.
- Widuss, C. (2011). Barnens bästa. FN:s konvention om barnets rättigheter och Astrid Lindgren från förskoleklass till skolår 6. Í H. Ehriander og M. Hellström, (ritstjórar), *Starkast i världen!. Att arbeta med Astrid Lindgrens författarskap i skolan* (bls. 235–253). Lund: BTJ Förlag.
- Dórdís Þórðardóttir. (2012). *Að læra til telpu og drengs. Kynjaðir lærdómar í leikskóla. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf>



Gunnar E. Finnbogason. (2018).
Lína langsokkur sterkust í öllum heiminum. – Astrid Lindgren í heimi skólans.
Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérrið 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar.
Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/03.pdf
<https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.16>